

REGLUGERÐ

um kaffibæti og kaffilíki.

52

20. júlí

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Kaffibætir (kaffirót, exportkaffi) er vara, sem búin er til á þann hátt, að brenndir eru jurta- hlutar, jurtaefni, sykurtegundir eða sambland þessara efna, sem stundum er blandað öðrum efnum, og er hún ætluð til notkunar sem viðbót í kaffi eða kaffilíki.

Kaffilíki er vara, sem búin er til á þann hátt, að brenndir eru jurtahlutar, sem stundum eru blandaðir öðrum efnum, og er hún til þess fallin að búa til úr henni drykk, líkan kaffi, þegar hellt er á hana heitu vatni.

Við tilbúning á kaffibæti og kaffilíki eru venjulegast notuð þessi efni:

1. Bygg, rúgur og aðrar sterkjuríkar korntegundir.
2. Byggmalt, rúgmalt og aðrar maltaðar korntegundir.
3. Sikóriur, sykurrófur, gulrófur og aðrir rótarárvextir.
4. Fíkjur, Jóhannesarbrauð og önnur sykurrík aldini.

Til viðbótar eða húðunar á kaffibæti og kaffilíki eru þessi efni notuð á undan brennslunni, meðan á henni stendur eða að henni lokinni: Jurtaseyði, sem í er sykur, sútsýra eða koffeín, matarfeiti, matarolía, matarsalt (natríumklóríd), alkalíkarbónöt, rófu- eða reyrsykur, sykursiróp, invertsykur, sterkjusykur, sterkjusiróp, arsensnautt gljálakk eða önnur harpís- og vaxefni, sem ekki eru hættuleg heilbrigði manna.

Bygg-, rúg-(korn-), hveiti-kaffilíki er búið til úr tilsvareandi korntegund á þann hátt, að korntegundin er brennd eftir að hún hefir verið soðin í gufu eða á annan hátt. Í bygg-, rúg-, hveitikaffilíki eru allt að 12% af vatni og allt að 4% af ösku.

Maltkaffilíki er búið til úr byggmalti á þann hátt, að það er brennt, og að því loknu er gufa stundum látin verka á það. Í maltkaffilíki eru allt að 12% af vatni og allt að 4% af ösku.

Rúg- (korn-)maltkaffilíki, hveitimaltkaffilíki er búið til úr rúg- eða hveitimalti á sama hátt og maltkaffi. Í rúgmaltkaffilíki og hveitimaltkaffilíki eru allt að 12% af vatni og allt að 4% af ösku.

Sikóriukaffilíki er búið til úr hreinsuðum rötum sikóriunnar (cichorium intybus), og er stundum blandað í hana litlu einu af matarfeiti, matarolíu, matarsalti (natríumklórídi) og alkalíkarbónötum. Framleiðslan fer fram á þann hátt, að ræturnar eru brenndar og malaðar, og að því loknu er gufa eða vatn stundum látið verka á þær. Í sikóriukaffilíki eru allt að 20% af vatni og allt að 7% af ösku.

Fíkjukaffilíki er búið til úr fíkjum, skinaldinum fíkjutrésins (ficus carica) á þann hátt, að þær eru brenndar og malaðar, og að því loknu er vatnsgufa eða vatn stundum látið verka á þær. Í fíkjukaffilíki er allt að 20% af vatni og allt að 7% af ösku.

Kaffilíkisblanda og aðrar vörur auðkenndar á svipaðan hátt eru blöndur úr kaffilíki, sem stundum er blandað kaffibæti og einnig kaffi (sbr. reglugerð um kaffi nr. 53, 20. júlí 1936, 5. gr. 20. tölulíð).

II. KAFLI

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

2. gr.

Sérstaklega er óheimilt:

1. að nota í kaffibæti eða kaffilíki jurtahluta eða önnur efni, sem ætla má, að séu skaðleg heilbrigði manna,
2. að búa til kaffilíki úr korni, sem ekki bafa verið hreinsuð úr eitruð fræ eða gró og önnur hættuleg óhreinindi,

III. KAFLI

Matsreglur.

3. gr.

Kaffibætir og kaffilíki það, er hér greinir, er sérstaklega metið skemmt, og má ekki hafa í umferð, þótt auðkennt sé með tilliti til þess:

1. Kaffibætir og kaffilíki, sem búin eru til úr skemmdum eða mjög óhreinum hráefnum.
2. Kaffibætir og kaffilíki, sem orðin eru mygluð eða súr.
3. Kaffibætir og kaffilíki, ef af þeim drykk, sem úr þeim er gerður, er annarleg eða viðbjóðsleg lykt eða bragð.
4. Kaffibætir og kaffilíki, sem í eru lirfur, bjöllur, maur eða önnur þvilík óhreinindi.
5. Kaffibætir og kaffilíki, sem eru of brennd, svo að þau eru að verulegu eða öllu leyti koluð.

4. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er kaffibætir og kaffilíki metin fölsuð, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess:

1. Kaffibætir og kaffilíki, sem búin eru til úr hráefnum, sem ekki eru nægilega vel hreinsuð.
2. Kaffibætir og kaffilíki, sem í er korgur, pressaðir ávextir, hnotaúrgangur, hnotaskurn eða önnur þau efni, sem eru einskis nýt í drykk þann, sem úr þeim er gerður.
3. Kaffibætir og kaffilíki, sem í hafa verið notaðar jarðoliur (mineralolíur) eða glyserín.
4. Kaffibætir og kaffilíki, sem í eru notuð önnur efni til viðbótar eða húðunar en þau, sem heimiluð eru í 4. málsgrein 1. greinar.
5. Kaffibætir og kaffilíki, sem í hefir verið notað koffeínkennt plöntuseyði, enda fari koffeínnihaldið fram úr 0,2%.
6. Kaffibætir og kaffilíki úr möltuðum eða ómöltuðum korntegundum, sem í er meira en 12% af vatni. Kaffibætir og kaffilíki úr síkóríum eða líkum rótarávöxtum, úr fikjum eða öðrum sykurríkum aldinum, sem í er meira en 20% af vatni. Annar kaffibætir eða kaffilíki, sem í er meira en 18% af vatni.
7. Kaffibætir og kaffilíki úr korni eða öðrum sterkjuríkum aldinum, sem í er meira en 4% af ösku. Kaffibætir og kaffilíki úr síkóríum eða líkum rótarávöxtum, úr fikjum eða öðrum sykurríkum aldinum, sem í er meira en 7% af ösku. Annar kaffibætir og kaffilíki, sem í er meira en 6% af ösku.
8. Kaffibætir og kaffilíki úr síkóríum eða líkum rótarávöxtum, sem í er meira en 2,5% af sandi. Kaffibætir og kaffilíki úr korni eða öðrum sterkjuríkum aldinum, sem í er meira en 1% af sandi. Annar kaffibætir og kaffilíki, sem í er meira en 1% af sandi.
9. Maltkaffi, ef spirunin í minna en 70% af kornunum er ekki komin lengra á veg en svo, að hola sú, sem myndast í korninu við spirunina, er minni en helmingurinn af lengd kornsins.

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, er vara metin blekkjandi vegna villandi auðkenningar, upplýsinga eða umbúnaðar:

1. Vara, sem auðkennd er sem kaffibætir eða kaffilíki án þess að fullnægja skilyrðum 1. greinar þessarar reglugerðar.
2. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er sykrað eða á annan samsvarandi hátt, og efni þau, sem þvo má af fullgerðri vörinni, eru minna en 2%.
3. Þegar kaffibætir eða kaffilíki eða blanda úr þeim og kaffi er auðkennd sem kaffi eða með nafni einhvern kaffitegundar, sem kaffiblanda eða á annan samsvarandi hátt.
4. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er með orðinu kaffi eða öðru orði dregnu af því. Undantekin eru þó maltkaffilíki, rúgmaltkaffilíki eða kornmaltkaffilíki, hveitimaltkaffilíki, byggkaffilíki, rúgkaffilíki eða kornkaffilíki, hveitikaffilíki, fikjukaffilíki, kaffibætir, exportkaffi, kaffilíki, kaffilíkisblanda.
5. Kaffilíkisblanda, sem í er kaffi og ekki er auðkennd sem slík blanda, eða kaffi-innihald hennar er ekki rétt tilgreint.
6. Þegar kaffibætir, kaffilíki og aðrar þær vörur, sem nefndar eru í 4. tölulið þessarar greinar, eru auðkenndar á þann hátt, að sérstök áherzla er lögð á orðið kaffi.
7. Kaffibætir eða kaffilíki, sem kennt er við eitthvert ákveðið hráefni samkvæmt 4. tölulið, en

- er þó ekki að öllu leyti búið til úr þessu hráefni. Undantekið er þó síkóriukaffilíki, sem í má vera allt að 3% af þeim efnum, sem heimiluð eru í 8. málsgrein 1. greinar.
8. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er með öðrum nöfnum en þeim, er greinir í 4. tölulið, nema þau séu um leið auðkennd greinilega sem kaffibætir eða kaffilíki.
 9. Ef ranglega er bent til sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
 10. Kaffibætir eða kaffilíki, sem ranglega er talið hafa sérstök hollustuáhrif.
 11. Kaffibætir eða kaffilíki, sem auðkennt er á einhvern þann hátt, sem gefið gæti í skyn, að um kaffi væri að ræða, uppruna þess eða framleiðslu.

52
20. júlí

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

6. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn, eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

7. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingu fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

8. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24, 1. febr. 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

REGLUGERÐ um kaffi.

53
20. júlí

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Kaffi (kaffibaunir) eru frá coffea-tegundanna, óbrennd eða brennd, heil eða möluð, og er hreinsað af þeim aldinhyðið algerlega og fræhyðið (silfurhyðið) eins vel og unnt er.

Óvalið kaffi er kaffi, sem enn hafa ekki verið hreinsaðar úr lélegar baunir og annarleg efni og selt er í heildsölu.

Venjulega er gerður munur á **kafftegunum**

1. eftir **landfræðilegum uppruna**: Kaffi er kennt við ákveðið upprunaland eða ákveðna útflutningsborg, svo sem Java, Santos, Mokka, Rio, Salvador, Guatemala, Costarica, Portorico,
2. eftir **grasafræðilegum uppruna**: Kaffi af coffea arabica, kaffi af coffea liberica (Liberia-kaffi),
3. eftir **vinnslnni**: Óbrennt, brennt, malað kaffi.

Vatnsinnihald í brenndu kaffi er á milli 1,5 og 5%.